

Nr. 223

17. mars 2020

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. mars 2020 eftirfarandi tvær deiliskipulagsbreytingar:

Breyting á deiliskipulagi hreinsistöðvar.

Deiliskipulagssvæðið, sem staðsett er sunnan Suðurlandsvegar og austan Þorlákshafnarvegar, afmarkast af helgunarsvæði Suðurlandsvegar til norðurs, Varmá til austurs, landi Öxnalækjar til suðurs og athafnasvæði við Vorsabæ til vesturs. Breytingin felur m.a. í sér breytingu á deiliskipulagsmörkum og nýja aðkomu að svæðinu.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hraunbæjarlands.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Gróðurmörk og Birkimörk til vesturs, Réttarheiði til norðurs, lóð Hótel Arkar til austurs og að Suðurlandsvegi til suðurs. Breytingin felur í sér stækkan á byggingarreit raðhúsalóða nr. 1-41 við Hraunbæ og breytingu á byggingarreit parhúsalóðarinnar nr. 14-16 við Hraunbæ.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði 17. mars 2020.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2020